magnús tómasson

# smámunir
(1967 — 1972)

kjarvalsstaðir
1978

**smámunir**

objects

Magnús Tómasson myndlistarmaður hefur um árabil verið að lauma inn á sýningar, vini og vandamenn ýmsum smá munum sem margir hverjir hafa reynst býsna lífseigir, a. m. k. þeir sem ekki hafa lent í glatkistunni. Þeir láta lítið yfir sér en staldra þó við í hugskotinu fyrir þá hugkvæmni, verklagni og margskonar fyndni sem kemur fram í þeim. Aðferðir Magnúsar eru margar, en byggjast í höfuðatriðum á samtafli ólíkra atriða, breytingu á náttúru hluta eða þá útleggingum á viðteknum skoðunum eða menningararfleifð, þ. á m. sögum og ævintýrum. Í höndum Magnúsar verða ljósaperur mjúkar og sveigjanlegar, Litla Gula Hænan verður þátttakandi í ljóðrænu drama og niðursuðudósir neyslumenningar innihalda hin furðulegustu fyrirbæri. Úr þessum samskeytingum verður til ný veröld, eins konar viðbót við tilveruna en jafnframt áminning. Listráði að Kjarvalsstöðum þykir tilhlýðilegt að minna á þessa veröld með smá sýningu á smámunum Magnúsar Tómassonar. Listamanninum þökkum við velviljann og hjálpina.

Aðalsteinn Ingólfsson
framkv.stjóri Listráðs

Þeir hlutir sem hér eru sýndir eru gerðir á árunum 1967—72, og kennir ýmissa grasa, sumir hinna eldri eru skissur að stærri verkum, þá yngri hef ég kallað Visual Poetry eða sýniljóð. Litlu kössunum má líkja við dagbókarslitur, eða sendibréf, enda tilorðnir og brúkaðir sem slíkir, og lýsa tilfinningum, kenndum og ástandi.

M. T.



Hart/mjúkt (1967) Hard/soft



Beint/bogið (1967)    Straight/bent



Dós (1969)    Can 69



**Dós (1969)    Can 69**



**Þumalvél (1971)    Thumbmachine**



Úr fórum fakírsins I    The Fakir's Belongings



Úr fórum fakírsins II    The Fakir's Belongings



**Hlutur (object) (1971 — 72)    Object**



**Hlutur (object) (1971)    Object**



**Frá Þingvöllum (1971)    Landscape**



**Sagan af litlu gulu hænunni I (1971)    The Story of the Little Yellow Hen**





Ástaðskjur (sýniljóð) (1971)    Love Box





Blöð úr bókinni Sýniljóð I (1971)    From the book Visual Poetry





Kenndakassar (1971)    Box of Feelings

